



Fundargerð

2. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn miðvikudaginn 11. maí 2016 kl.17:15 í sal A, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Árni Þorsteinsson framkvæmdastjóri og stjórnarmennirnir, Björg Ágústsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Lóa Björk Hallsdóttir og Gunnar Svavarsson sátu fundinn. Sonja Sif Jóhannsdóttir var í fjarfundarsambandi. Helgi Haraldsson, Lovísa Hreinsdóttir og Björg Ágústsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar

Samþykkt.

2. Fundargerðir og aðrar samþykktir

- Fundargerð 1. fundar – staðfest.
- Samþykkt að - Fjóla Signý Hannesdóttir HSK verði fulltrúa FRÍ á EAYL sbr. niðurstöðu nefndar.
- Val landsliðs og fylgdarmanna á Smáþjóðameistaramót á Möltu – Tillaga ÍÞA samþykkt.

3. Yfirlit yfir stöðu, ábyrgð og framgang helstu verkefna

- Verkefnisnefnd um Smáþjóðameistaramót á Möltu heldur áfram með stuðningi ÍÞA.(#24)
- Starfsnefnd vinnur enn að því að koma efni frá þingi til laganevndar (#32)
- Rætt um aukin tækifæri til kynningar og markaðsmála. Starfsnefnd tekur saman yfirlit yfir öll mót innanlands. Þessi gögn nýtast sem góður grunnur fyrir næstu skref.(#20)
- Formaður upplýsti um góðan gang á mönnun fastanefnda sem unnin er í samvinnu við formenn þeirra.
- Starfsnefnd um kostnaðarpáttöku skilaði góðum grunn hugmyndum. Samþykkt að vinna áfram í nefnd. Skoðað í samhengi við yfirferð fjárhagsáætlunar FRÍ. (#36)

5. Mótaröð FRÍ undirbúin vandlega fyrir 2017

Fundarmenn voru sammála um mikil tækifæri fyrir Mótaröð FRÍ. Vel undirbúin mótaröð getur aukið áhuga keppenda, áhorfenda og fjölmiðla. Vegna þessa var ákveðið að setja ekki í gang mótaröð 2016, með litlum undirbúningi, heldur að vinna að Mótaröð FRÍ 2017 og leggja fram tillögur á haustfundi 2016.

6. Hvað er árangur fyrir FRÍ? Hvernig mælum við hann?

Rætt var um mikilvægi þess að markmið séu skýr og öllum ljós og mælanleg. Frekari umræðu frestað.



7. Gríðarleg tækifæri FRÍ

- Rætt um tækifærin sem íþróttin býr yfir. Ganga, hlaup, stökk og köst eru íþrótt fjöldans.
- Með rétttri nálgun má stækka tengslanet, fjölga sjálfboðaliðum og þannig efla hreyfinguna. Starfsnefnd vinnur að því að byrja að safna upplýsingum og forgreina tækifæri. (#50)

8. Önnur mál

- NM20 í Hafnarfirði, áriðandi er að ganga frá starfsnefnd með ákveðinni verkefnisstjórn, mótsstjóra og yfirdómara. Býður næsta fundar. (#28)
- Formaður mun funda með yfirmönnum íþróttadeilda RÚV og MBL og gefa skýrslu af fundum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:15

Fundargerð ritaði: Lóa Björk Hallsdóttir